


Leiðbeiningar til heilbrigðisnefnda vegna hringrásarlaga 2024

Upplýsingar um helstu breytingar



Leiðbeiningar til heilbrigðisnefnda vegna hringrásarlaga 2024

Febrúar 2024

Útgefandi Umhverfisstofnun

Útgáfunúmer UST-2024:1

GoPro númer: UST202402-299

Útgáfa nr. 1

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

www.ust.is


Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Aukin sérsöfnun úrgangs	6
2.1 Rekstrarúrgangur	6
2.2 Bann við urðun eða brennslu sérsafnaðra úrgangstegunda	7
2.3 Samræmdar flokkunarmerkingar	7
3. Aðrar breytingar.....	8
3.1. Borgað þegar hent er.....	8
3.2. Framlengd framleiðendaábyrgð á allar umbúðir	9
3.3. Aukin upplýsingagjöf og hreinsun á víðavangi.....	9
3.4. Gagnlegar upplýsingar	10

1. Inngangur

Eftirfarandi leiðbeiningar eru fyrir heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa til stuðnings í eftirlitsferðum. Leiðbeiningarnar eru gefnar út árið 2024 þegar viðtækar lagabreytingar hafa átt sér stað í úrgangsmálum. Breytingarnar hafa í för með sér nýjar skyldur og breytt starfsumhverfi fyrir sveitarfélög, stofnanir, vinnustaði og heimili.

Leiðbeiningarnar byggja á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Breytingarnar á þessum þremur lagabálkum sem hér er fjallað um hafa verið kallaðar einu nafni *hringrásarlögin* (nr. 103/2021). Þær voru lögfestar í júní 2021 en flestar lagabreytingarnar tóku gildi 1. janúar 2023. Áherslan árið 2023 var á innleiðingu þessara lagabreytinga. Þessar leiðbeiningar eru skrifaðar til viðmiðunar og upplýsinga fyrir heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa. Mikilvægt er að heilbrigðisfulltrúar séu meðvitaðir um breytingarnar og auknar kröfur þar sem þeir gegna lykilhlutverki við innleiðingu á breytingunum og eru í fyrirtaks stöðu til að veita upplýsingar og leiðsögn þar sem starfið hefur marga snertifleti við það sem hringrásarlögin kveða á um.



Mynd 1 Hringrásarhagkerfið gengur út á að deila, viðgerðir, endurnotkun, endurframleiðsla og endurvinnsla. Mynd úr stefnu um úrgangsförvarnir, saman gegn sóun.

Hringrásarlögin innleiða og lögfesta aðgerðir sem er að finna í stefnu ráðherra í úrgangsmálum, *í átt að hringrásarhagkerfi*, sem kom út í júní 2021. Stefnan í heild styður við myndun hringrásarhagkerfis á Íslandi og er lykilaðgerð í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá úrgangi. Stefnunni er ætlað að stuðla að minni sóun verðmæta og að gera Ísland að endurvinnslusamfélagi þar sem urðun verðmæta heyrir sögunni til. Það sem stefnan boðar er mikilvægt fyrsta skref í átt að hringrásarhagkerfi líkt og nafnið vísar í. Stefnan boðar jákvæðar breytingar í

úrgangsmálum á Íslandi þar sem markmið hennar er að auka nýtingu hluta, endurnota og endurvinna meira og draga úr förgun, þá sérstaklega urðun.

Auk þess er sleginn ákveðinn tónn um samræmingu á kerfi úrgangsstjórnunar, það gert einfaldara og skilvirkara með sömu skyldu á öllum aðilum til sérsöfnunar á úrgangsflokkum og samræmdum merkingum með það að augnamiði að við séum að uppfylla markmið okkar í málaflokknum og draga úr urðun.

Í stefnunni eru lagðar til 12 aðgerðir sem hringrásarlögin lögfesta. Þær eru:

1. Sérstakri söfnun heimilisérgangs komið á.
2. Einstaklingar og lögaðilar skyldaðir til að flokka heimilisérgang.
3. Ábyrgð sveitarstjórna á að ná settu tölulegu markmiði um endurvinnslu heimilisérgangs skýrð.
4. Eftirliti með gerð svæðisáætlana sveitarstjórna komið á.
5. Banni við að urða eða senda til brennslu úrgang úr sérstakri söfnun komið á.
6. Samræmdum merkingum fyrir úrgangstegundir komið á.
7. Framlengdri framleiðendaábyrgð á allar umbúðir komið á.
8. Framlengdri framleiðendaábyrgð á ýmsar vörur úr plasti komið á.
9. Sveitarstjórnnum gert skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við meðhöndlun úrgangs.
10. Skyldu til að flokka rekstrarúrgang komið á.
11. Skyldu til að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang komið á.
12. Lögbundin fræðsluskylda útvíkkuð.

Ljóst er að breytingar á fyrirkomulagi sérsöfnunar, auknar kröfur um sérsöfnun bæði heimilis- og rekstrarúrgangs og bann við förgun sérsafnaðs úrgangs hefur áhrif á hvernig úttekt og eftirliti heilbrigðisfulltrúa skuli háttað. Hér verður fjallað um hverjar eru helstu breytingarnar.

2. Aukin sérsöfnun úrgangs

Samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er sérstök söfnun skilgreind sem „...söfnun þar sem úrgangsflokkum er haldið aðskildum eftir tegund og eðli til að auðvelda tiltekna meðhöndlun, svo sem undirbúning fyrir endurnotkun eða endurvinnslu“. Samkvæmt 10. gr. laganna skal sérstök söfnun vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum er falla undir heimilisúrgang: pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Heimajarðgerð verður áfram heimil og söfnun lífúrgangs með öðrum hætti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem er mælt fyrir um í lögnum. Fyrirkomulag söfnunar á að vera þannig að settum markmiðum um endurvinnslu og endurnýtingu sé náð. Þar bera sveitarfélögin ábyrgð á að ná markmiðunum innan síns svæðis en endurvinnsla heimilisúrgangs skal að lágmarki vera 55% árið 2025.

Samkvæmt lögnum á söfnun á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi að fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Gleri, málmum og textíl má safna frekar í grenndargáma svo lengi sem söfnunin stuðli að því að settum markmiðum sé náð. Söfnun spilliefna á að fara fram í nærumhverfi íbúa en sveitarfélögum ber að útfæra söfnunina nánar í samþykkt um meðhöndlun úrgangs, hvort hún geti verið á móttökustöðvum, með söfnunardögum o.s.frv.

SÉRSTÖK SÖFNUN

Við íbúðarhús og hjá rekstraraðila



Pappír og pappi | Plast
Lífúrgangur | Blandaður úrgangur

Grenndarstöðvar



Málmur | Gler | Textíl

Í nærumhverfi íbúa



Spilliefni

Söfnunarlosta



Rekstrarúrgangur
Byggingar- og
niðurrifsúrgangur
Rúmfrekur úrgangur
Annar úrgangur

Mynd 2: Þessi mynd er úr handbók sveitarfélaga um framkvæmd úrgangsstjórnunar. Sjá hér <https://urgangur.is/handbok-sveitarfelaga/>

Hafa ber í huga að móttaka á spilliefnum er starfsleyfisskyld starfsemi og þyrfti að vera heimild fyrir staðsetningu slíkra móttökustöðva í skipulagi sveitarfélaga.

2.1 Rekstraraðilar

Rekstraraðilum er skylt að flokka sinn úrgang í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs. Sömu kvaðir gilda um heimilisúrgang sem fellur til hjá rekstraraðilum eins

og á heimilum, þ.e. að flokka á hann í pappír og pappa, málma, plast, gler, lífúrgang, textíl og spilliefni.

Þar sem rekstrarúrgangur fellur til í starfsemi er viðkomandi rekstraraðila skylt að flokka rekstrarúrganginn. Rekstrarúrgangur skal endurnýttur í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs en þar kemur fram að endurnýta skuli úrgang í samræmi við forgangsröðunina að því marki sem unnt er. Þannig eiga rekstraraðilar að forgangsráða meðhöndlun úrgangs í átt að úrgangsförvörnum og frá förgun, sjá 7. gr. laganna. Forgangsröðunin snýr að því að úrgangsförvörnum sé sinnt þannig að það magn úrgangs sem fellur til sé lágmarkað og að úrgangur sé endurnotaður eftir bestu getu. Annars skuli hann flokkaður rétt og sendur til endurvinnslu en ef ekki er hægt að endurvinna hann skuli hann endurnýttur með öðrum hætti, svo sem til orkuendurvinnslu eða sem fyllingarefni. Ef ekki er hægt að nýta úrgang frekar skuli honum fargað.

Jarðgerð sem fer fram í tengslum við atvinnustarfsemi, t.d. með moltugerðarvél, telst ekki vera heimajarðgerð. Jarðgerðarvélar geta verið litið á sem hluti af úrgangslaun fyrirtækja en úrgangurinn hættir þó ekki að vera úrgangur. Það þýðir að um lífúrgang frá atvinnustarfsemi gildir meginregla 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, sem kveður á um að allur úrgangur skuli færður til viðeigandi meðhöndlunar, annaðhvort beint til endurnýtingar eða í söfnunar- eða móttökustöð. Meðhöndlunin þarf að vera starfrækt á grundvelli starfsleyfis sbr. 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs og 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Aðilum í mannvirkjageiranum verður skylt að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang í spilliefni, timbur, steinefni, málma, gler, plast og gifs. Nú þegar hvílir skylda á byggingaraðilum samkvæmt byggingarreglugerð nr. 112/2012 að útbúa áætlun um meðhöndlun byggingar- og niðurrifsúrgangs áður en framkvæmd hefst þar sem koma skulu fram upplýsingar um skipulagningu, skráningu, flokkun, endurnýtingu og förgun úrgangs.

Unnið er að því að búa til opinberar leiðbeiningar um flokkun og endurvinnslu byggingar- og niðurrifsúrgangs. Aðgerðin er hluti af aðgerðaáætluninni *Byggjum grænni framtíð*. Nánar má lesa um þessa vinnu undir [lið 4.3 í aðgerðaáætluninni](#).

2.2 Bann við urðun eða brennslu sérsafnaðra úrgangstegunda

Í 6. mgr. 10. gr. laga um meðhöndlun úrgangs kemur fram að ekki er heimilt að urða né senda til brennslu þann úrgang sem hefur verið sérsafnað, nema þann úrgang sem eftir verður og hentar hvorki til endurnotkunar né endurvinnslu og aðeins ef brennsla eða eftir atvikum urðun sé sá kostur sem skilar bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið.

2.3 Samræmdar flokkunarmerkingar

Samkvæmt 4. mgr. 10 gr. laga um meðhöndlun úrgangs skal nota samræmdar merkingar fyrir a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundir: pappír og pappa, málma, plast, gler, lífúrgang, textíl og spilliefni. Nánari útlistun á merkingum eru að finna í reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs en merkingarskyldan er tengd við samræmdar norrænar flokkunarmerkingar sem FENÚR þýddi og staðfærði.

Merkingarnar byggja á dönskum úrgangsmörkingum og norrænu samstarfi um samræmdar merkingar í úrgangsmálum sem EUPicto leiðir. Í kerfinu er gert ráð fyrir að ílát geti haft eina eða fleiri merkingu. Gæta skal þess að viðeigandi merkingar séu á tunnum og ílátum, hvort sem er innandyra eða úti.

Skyldan um samræmdar merkingar nær til merkinga á úrgangsilátum og upplýsingagjafar úrgangsméðhöndlunaraðila. Skyldan nær ekki til vöru- og umbúðamerkinga. Ýmislegt mælir þó eindregið með því að framleiðendur og innflutningsaðilar noti þessar sömu merkingar til að merkja umbúðir og aðrar vörur til þess að auðvela handhöfum úrgangs að koma honum í réttan farveg.

Hér má sjá þær flokkunarkerkingar sem notaðar eru fyrir tegundir heimilisúrgangs:



Mynd 2 Flokkunarkerkingar sem notaðar eru fyrir tegundir heimilisúrgangs.

3. Aðrar breytingar

Hér á eftir verður stiklað á stóru um aðrar breytingar í úrgangsmálum sem gott er fyrir heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa að hafa upplýsingar um.

3.1. Borgað þegar hent er

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs er sveitarfélögunum skylt að innleiða aðferð við innheimtu gjalda fyrir þjónustu sem kallast *Borgað þegar hent er*. Sveitarfélögin skulu innheimta gjald sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs sem þýðir að flest sveitarfélög þurfa að aðlaga gjaldskrár og innheimtukerfi

að þessu breytta fyrirkomulagi. Nýja innheimtakerfið á að vera sniðið að því magni og tegund úrgangs sem hver og einn lætur frá sér í stað þess að eitt fast gjald sé innheimt.

Borgað þegar hent er er innheimtufyrirkomulag fyrir söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs sem er sem næst raunkostnaði sérhvers úrgangshafa. Vegna þess að sérsafnaður heimilisúrgangur ber úrvinnslugjald þá er hagrænn hvati til að flokka sem mest og setja sem minnst í blandaðan úrgang. Því ætti raunkostnaður úrgangsmeðhöndlunar að vera lægri fyrir flokkaðan heimilisúrgang og hærrí fyrir blandaðan úrgang. Kerfið er byggt upp í samræmi við mengunarbótaregluna en inntak hennar er að sá borgi sem mengar.

3.2. Framlengd framleiðendaábyrgð á allar umbúðir

Með breytingu á lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald er úrvinnslugjald lagt á allar tegundir umbúða. Umbúðir úr gleri, málmum og víði bera nú úrvinnslugjald en áður höfðu einungis umbúðir úr pappa og plasti borið slíkt gjald. Úrvinnslugjaldið á að standa straum af kostnaði við kaup á flokkunartunnum fyrir þessar umbúðir, söfnun og alla meðhöndlun þeirra til endurvinnslu.

Auk umbúða bera einnig einnota plastvörur og drifraflöður úrvinnslugjald frá 1. janúar 2023. Sömuleiðis er úrvinnslugjald lagt á ökutæki við nýskráningu frá sama tíma.

Í 3. gr. laga um úrvinnslugjald kemur fram að úrvinnslugjald á vörur skuli almennt vera þrepaskipt þannig að tekið sé tillit til endingar þeirra, möguleika á viðgerðum, endurnotkun og endurvinnslu og innihalds hættulegra efna.

3.3. Aukin upplýsingagjöf og hreinsun á víðavangi

Sveitarfélög skulu annast gerð upplýsingaefnis um úrgangsforvarnir og meðferð úrgangs í sveitarfélaginu og fræða almenning, rekstraraðila og handhafa úrgangs um úrgangsmál í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga um meðhöndlun úrgangs.

Samkvæmt 1. mgr. sama ákvæðis ber Umhverfisstofnun að sjá um gerð almenns fræðsluefnis um úrgangsforvarnir og meðhöndlun úrgangs fyrir almenning og lögaðila. Fræðslan skal unnin í samvinnu við sveitarfélög, Úrvinnslusjóð, framleiðendur og innflytjendur, rekstraraðila og aðra eftir því sem við á. Má þar nefna almennt fræðsluefni Umhverfisstofnunar sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar urgangur.is.

Úrvinnslusjóður og Endurvinnslan skulu samkvæmt lögum stuðla að fullnægjandi fræðslu og upplýsingagjöf í samvinnu við Umhverfisstofnun um einnota plastvörur en einnig að stuðla að fullnægjandi hreinsun á víðavangi og fullnægjandi söfnun og meðhöndlun þessarar tegundar úrgangs.

Í 37. gr. laga um hollustuhætti og mengunarnáttur er svo kveðið á um ábyrgð framleiðenda og innflytjenda einnota plastvara, þ.m.t. veiðarfæri sem innihalda plast, um að fjármagna fræðslu og upplýsingagjöf til notenda viðkomandi vara um úrgangsforvarnir, rétta meðhöndlun varanna þegar þær eru orðnar að úrgangi, þ.m.t. um söfnunarkerfi sem til staðar er, um áhrif þess að fleygja rusli á víðavangi og áhrif

að losa vörur í fráveitu. Samkvæmt 3. mgr. sama ákvæðis eiga framleiðendur og innflytjendur að fjármagna hreinsun á rusli á víðavangi sem er til komið vegna þessara einnota plastvara, auk flutnings og annarrar meðhöndlunar.

3.4 Fylling eða urðun?

Nokkuð hefur verið um það að litið hafi verið á meðhöndlun ákveðins úrgangs sem landmótun, þ.e. endurnýting úrgangs en ekki sem förgun. Umhverfisstofnun hefur orðið var við þetta og því er bent á að stofnunin gefur út leiðbeiningar um fyllingu og hvenær hægt er að skilgreina úrgangsmeðhöndlun sem slíka og hvenær um er að ræða urðun.

3.5. Gagnlegar upplýsingar

Stefna ráðherra í úrgangsmálum: [Í átt að hringrásarhagkerfi](#)

Upplýsingar um stöðu og tilhögun úrgangsmála: [úrgangur.is](#)

Grein um helstu breytingar í úrgangsmálum 2023: [Íslenska](#)
[Enska](#)
[Pólska](#)

Úrgangsforvarnarverkefni stjórnvalda: [samangegnsoun.is](#)

Handbók fyrir sveitarfélögin: [Handbók um framkvæmd úrgangsstjórnunar](#)

Spurt og svarað um úrgangsstjórnun sveitarfélaga: [Spurt og svarað í úrgangsmálum](#)

Allan hringinn - samstarfsverkefni og vitundarvakning: [allanhringinn.is](#)

Samræmdar flokkunarmerkingar: <https://fenur.is/taknmyndabanki/>

Úrvinnslusjóður: [urvinnslusjodur.is](#)

Endurvinnslan: [endurvinnslan.is](#)

SORPA - upplýsingar um nýtt fyrirkomulag: [flokkum.is](#)

Terra umhverfisþjónusta: [terra.is](#)

Íslenska gámafélagið: [gamafelagid.is](#)